

Samþykkt fyrir „Starfsmenntasjóð SA og VSSÍ“

1. gr. Sjóðurinn heitir Starfsmenntasjóður Samtaka atvinnulífsins (SA) og Verkstjórásambands Íslands (VSSÍ) Sjóðurinn er sjálfstæður lögaðili. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Kennitala: _____ - _____

2. gr. Markmið sjóðsins er að stuðla að því að starfandi verkstjórum innan aðildarfélaga hans bjóðist ávallt heildstæð grunn- og endurmenntun sem uppfyllir þekkingarkröfur sem verkstjórar þurfa að búa yfir á hverjum tíma.

3. gr. Til að ná framangreindu markmiði skal sjóðurinn vinna að eftirfarandi:

- **Kanna** reglulega þarfir atvinnulífsins fyrir menntun verkstjóra.
- **Skilgreina nám** sem mætir þeim þörfum.
- **Meta** námsframboð og **viðurkenna** námstilboð sem uppfylla kröfur um **skilgreint nám** og ákvarða styrkframlag til þeirra.
- Styrkja námsefnisgerð og námskeiðahald sem annars gæfist ekki kostur á.
- Veita einstaklingum og fyrirtækjum sem greiða í sjóðinn styrki til að sækja **viðurkennt nám**.
- Leita eftir samstarfi og samvinnu við stjórnvöld sem ábyrgð bera á fræðslu- og menntunarmálum, svo og öllum þeim sem bjóða fram nám.

4. gr. Stjórn sjóðsins skal skipuð til tveggja ára í senn, fjórum mönnum og tveim til vara. Tveir stjórnarmenn skulu skipaðir af Samtökum atvinnulífsins auk eins til vara og tveir stjórnarmenn skipaðir af Verkstjórásambandi Íslands auk eins til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum en formennska skal víxlast og vera í höndum fulltrúa hvors stofnaðila um sig, tvö ár í senn. Formaður boðar til fundar með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara og telst hann löglegur ef þrír mæta. Forfallist aðalmaður skal boða viðeigandi varamann í hans stað. Halda á gerðabók yfir alla fundi, komi til atkvæðagreiðslu ræður meirihluti fundarmanna en atkvæði formanns ræður úrslitum standi atkvæði á jöfnu.

5. gr. Tekjur sjóðsins eru:

- Framlag frá atvinnurekendum innan SA og er umsaminnt hundruðshluti af launum verkstjóra innan aðildarfélaga VSSÍ, samkvæmt gildandi kjarasamningi SA/VSSÍ á hverjum tíma.
- Önnur framlög
- Vaxtatekjur

Tekjum sjóðsins skal einungis ráðstafað í samræmi við markmið hans og tengd verkefni sbr. 2. og 3. gr. Óheimilt er að ráðstafa meira fé úr sjóðnum en innistæða er fyrir á hverjum tíma.

6. gr. Starfandi félagar, einstaklingar sem og fyrirtæki, innan aðildarfélaga SA og VSSÍ sem greiða í sjóðinn, geta óskað eftir stuðningi úr starfsmenntasjóðnum og skal þá senda sjóðstjórn umsókn á þar til gerðu eyðublaði. Stjórn sjóðsins setur sér nánari vinnureglur um veitingu námsstuðnings.

7. gr. Sjóðstjórn leitar eftir samkomulagi við VSSÍ, eða annan hæfan aðila, um að annast umsýslu og reikningshald sjóðsins, innheimtu starfsmenntagjalds og inna af hendi greiðslur, allt eftir tilvísun stjórnar.

8. gr. Reikningssár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu liggja fyrir í síðasta lagi í apríl ár hvert og skulu yfirfarnir af til þess skipuðum tveim skoðunarmönnum sem aðilar koma sér saman um. Yfirlit yfir starfsemi síðastliðins árs og framkvæmdaáætlun yfirstandandi árs liggi fyrir á sama tíma og ársreikningar.

9. gr. Sjóðurinn tekur til starfa þegar nýtt kjarasamningsákvæði um starfsmenntagjald hefur verið samþykkt. Allar breytingar á samþykktum sjóðsins eru háðar samþykki SA og VSSÍ. Ákveði stofnaðilar að leggja sjóðinn niður renna eignir hans til SA og VSSÍ að jöfnu nema annað verði ákveðið með sérstöku samkomulagi.

Reykjavík 1. júlí 2008

F.h. SA

F.h. VSSÍ